

Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Bændasamtök Íslands vilja koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri vegna 425. máls um skipulag haf- og strandsvæða.

Bændasamtökin telja skynsamlegt að settur sé lagarammi um skipulag haf- og strandsvæða, ekki síst í ljósi aukinnar ásóknar í að koma á fót starfsemi við strendur landsins svo sem fiskeldi.

Almennt telja samtökin að ekki eigi að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, þar með talið skipulagsvald þeirra. Það er bæði skynsamlegast, skilvirkast og lýðræðislegast að heimamenn á hverjum stað ráði því hvernig nærumhverfi þeirra er skipulagt.

Af þeim þeim sökum telja samtökin eðlilegast að mörk skipulags strandsvæða hefjist við ytri mörk netlaga þ.e. núverandi mörk skipulagslögsögu sveitarfélaganna, þannig að sú lögsaga verði áfram óskert og falli áfram saman við mörk einkaeignarréttar viðkomandi landeigenda.

Ef niðurstaða nefndarinnar verður að halda breyta ekki þeim mörkum vilja samtökin taka fram að þau telja eðlilegt og sanngjarnt að hvert sveitarfélag sem hefur lögsögu á landi sem fellur undir viðkomandi svæðisráð eigi fulltrúa í ráðinu. Annað fyrirkomulag væri ekki lýðræðislegt. Af sömu ástæðum er ekki hægt að fallast á að fulltrúar ríkisins hafi neitunarvald í ráðinu eins og lokamálsgrein 5. gr. gerir nú ráð fyrir. Það gengur gróflega gegn sjónarmiðum BÍ um sjálfstæði sveitarfélaganna. Bent hefur verið á í fyrri umsögnum Sambands sveitarfélaga og fleiri, að í staðinn gætu komið skilyrði um aukinn meirihluta ef nefndin telur af einhverjum ástæðum að ákvæði um einfaldan meirihluta séu ekki nægileg.

Að öðru leiti vilja Bændasamtökin taka undir umsögn Landssambands veiðifélaga í málinu.

F.h. BÍ.

**Sigurður Eypórsson**  
Framkvæmdastjóri / Manager  
Sími / Tel: + 354 563 0310  
Gsm / Mobile: + 354 863 8790  
Netfang / Email: [sigeyv@bondi.is](mailto:sigeyv@bondi.is)

Bændasamtök Íslands  
Farmers Association of Iceland  
[www.bondi.is](http://www.bondi.is) | [www.bbl.is](http://www.bbl.is)

[Skilmálar/Disclaimer.](#)